

Starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og sérupphráttar



Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu

SKILMÁLI SA-7

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Minum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og sérupphráttar?

Hönnuðum er skylt að kaupa og viðhalda starfsábyrgðartryggingu samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010. Starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og sérupphráttar hefur þann tilgang að bæta almennt fjártjón sem getur komið upp vegna verkefna sem liggja til grundvallar við hönnun mannvirkja.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Skaðabótaábyrgð sem fellur á váttryggðan hönnuð upphráttar fyrir byggingarnefnd, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til hönnunarstarfs váttryggðs og hann hefur ábyrgst með áritun á teikningu sína, sbr. 23. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón sem rekja má til ásetnings váttryggðs eða starfsmanns hans.
- ✗ Tjón sem rekja má til ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er viðtækari en lögmælt bótaskylda hans sem hönnuðar, er löggilding hans nær til.
- ✗ Sektir eða önnur viðurlög, sem falla á váttryggðan eða þriðja mann.
- ✗ Líkamstjón og skemmdir á munum.
- ✗ Starfsemi váttryggðs utan Íslands eða bótaábyrgð sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótgrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.



Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin tekur eingöngu til tjóns sem verður á Íslandi, vegna starfa váttryggðs á Íslandi.



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjonstilkynningu.
- Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið.
- Váttryggður skal veita félaginu upplýsingar og gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.
- Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst váttryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu.